



Reykjavík 10. ágúst 2020

Til íþróttahéraða og sérsambanda
Efni: Göngum í skólann

Nú stýttist í að verkefnið **Göngum í skólann** (www.iwalktoschool.org) hefjist en það verður sett í fjórtánda sinn 2. september næstkomandi og lýkur formlega með alþjóðlega Göngum í skólann deginum miðvikudaginn 7. október. Markmið verkefnisins er að hvetja börn til að tileinka sér **virkan ferðamáta** í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni.

Ein einfaldasta leiðin til að auka hreyfingu í daglegu lífi er að velja virkan ferðamáta, svo sem göngu, hjólreiðar, hlaup, línuskauta, hjólabretti eða annað. Ávinningurinn er ekki aðeins bundinn við andlega og líkamlega vellíðan heldur er þetta einnig umhverfissvæn og hagkvæm leið til að komast á milli staða.

Á hverju ári taka milljónir barna í yfir 40 löndum víðs vegar um heiminn þátt í Göngum í skólann með einum eða öðrum hætti. Hér á landi hefur þátttökan vaxið jafnt og þétt og fyrsta árið voru þátttökuskólarnir 26 en alls 74 skólar skráðu sig til leiks árið 2019.

Óskum við nú eftir liðsinni ykkar til að hvetja þátttöku og auðvelda foreldrum og börnum að velja virkan ferðamáta. Það getið þið m.a. gert með því að nýta heimasíður og Facebooksíður til að segja frá verkefninu og hvetja alla innan ykkar raða til að taka þátt.

Á heimasíðu **Göngum í skólann** www.gongumiskolann.is eru allar nánari upplýsingar um verkefnið en þar má meðal annars finna skemmtilegar útfærslur nokkurra skóla á Íslandi á verkefninu auk ýmiss annars efnis frá þátttökuskólunum.

Fyrir frekari upplýsingar má hafa samband við Hrönn Guðmundsdóttir, sviðsstjóra Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ í síma: 514-4000 eða á netfangið hronn@isi.is

Með kveðju,
fyrir hönd **Göngum í skólann** verkefnisins



Landssamtök foreldra

